

Samband íslenskra sjóminjasafna

Fornbátaskrá – Skýrsla nr. 22

Bátaskrá Skógasafns

Rangárþingi eystra



Helgi Máni Sigurðsson

2019

Inngangur

Bátar og skip í eigu Skógasafns eru tólf talsins. Þar ber hæst Pétursey sem er höfuðprýði Byggðasafnsins í Skógum, skv. Þórði Tómassyni safnverði. Í Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu eru góð fiskimið skammt undan landi en samtímis eru þar erfið lendingarskilyrði. Við það þróaðist svonefnt brimsandalag báta.¹ Einnig eru erfið vatnsföll í sýslunum og þurftu menn mikið að reiða sig á ferjur til að komast leiðar sinnar.

Til viðbótar þeim bátum sem eru í eigu safnsins eru tveir gúmmíbjörgunarbátar frá Slysavarnafélaginu Landsbjörgu á Skógum. Vel fer um alla bátana að því er best verður séð.

Efnisyfirlit

Áttæringurinn Farsæll	3
Fortúna	6
Pétursey	9
Víkingur	15
Farsæll - vorbátur	18
Lukkusæll	21
Ferjubátur frá Tungnaá	24
Ferjubátur frá Króki	27
Járnbátur frá Kaldárholti	30
Ormurinn langi	33
Hrugnir	35
Björgunarbátur úr Polarquest	37
Gúmmíbjörgunarbátur frá Grindavík	39
Þýskur björgunarbátur	41

¹ Um brimsandalag sjá Lúðvík Kristjánsson bls. 253



Farsæll II, 2017. Ljóssm.: Skógasafn

Áttæringurinn Farsæll

1. Safnnúmer: R-2685
2. Tegund: Árabátur; áttæringur
3. Hlutverk: Fiskibátur
4. Eigandi: Skógasafn
5. Fyrri eigendur:
6. Varðveislustaður: Skógasafn
7. Smíðaár: 1930 ²
8. Smiður: Pálmar Jónsson í Unhól í Þykkvabæ. Hann er sagður hafa verið síðasti skipasmiður Rangárvallasýslu
9. Smíðastaður: Hesthús í Háríma ³
10. Brúttórúmlestir:

² Árið 1930 skv. Andra Guðmundssyni. Árið 1932 skv. Jóni Allanssyni bls. 45

³ Jón Allansson bls. 45

11. Lengd, breidd og dýpt í m: 7,77 x 2,58 x 0,61 ⁴

12. Smíðaeefni og samsetning skrokks: Fura og eik; súðbyrtur. Böndin eru úr eik.



Farsæll II, skutur, 2017. Ljósmynd: HMS

13. Skrokklag:

Lagið er hið gamla skipalag Þykkvæinga, lagað eftir skipasmíði Jóns á Skinum, er Pálmar sá til og vann með í æsku. Bönd eru þó miklu grennri en venja var, og er það fyrir áhrif Norðmanns, er var í Þykkvabæ. ⁵

14. Þilför:

15. Yfirbygging:

16. Lokuð rými:

17. Möstur og seglabúnaður:

18. Vél:

19. Siglingatæki og annar búnaður:

20. Notkunarsaga:

Farsæll var síðasta útróðraskip Þykkvæinga, smíðað um 1930 og síðast róið 27. mars 1955. Honum hvolfdi þá í lendingu með öllum mannskap, mannbjörg varð. Af því er til fræg mynd. Þá var brotið gat á skipið, eitt borð, til að auðveldara væri að reisa það við. Við það hefur verið gert til bráðabirgða. ⁶

⁴ Andri Guðmundsson: Bátaskrá Skógasafns

⁵ Andri Guðmundsson: Bátaskrá Skógasafns

⁶ Jón Allansson bls. 45

Sá sem lengst var formaður á bátnum var Guðni Sigurðsson frá Háríma, en Jón Þórðarson frá Skinnum var einnig formaður, faðir Pálmars. Síðustu róðrana var formaður Ólafur Guðjónsson í Vesturholtum.⁷

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

22. Ástand báts: Sæmilegt

23. Upprunaleiki – breytingasaga:



Farsæll II, stefni, 2017. Ljósmynd: HMS

24. Viðhald og viðgerðir:

Farsæll var settur upp að Unhól og hrörnaði þar fljótt. Pálmar forðaði honum frá áramótabrennum ár eftir ár. Báturinn var hins vegar geymdur úti og var viðhald hans ekkert lengi vel. Árið 1971 var hann fluttur í byggðasafnið í Skógum og er hann nú geymdur inni.⁸

25. Heimildir:

- Andri Guðmundsson: Bátaskrá Skógasafns, unnin upp úr munaskrá safnsins sem Þórður Tómasson er að mestu höfundur að. 19. okt. 2017. Skjalasafn Skógasafns.
- Ljósmyndir Skógasafns.
- Jón Allansson: Skýrsla. Bátar í eigu minjasafna á Íslandi og annarra en safna. Fjölrít, m.a. á Þjóðminjasafni, haust 1995.

26. Varðveislustaða: Safngripur; aldursfriðaður

27. Almenn umsögn:

Farsæll var síðasta útróðraskip Þykkvabæinga og það eina sem varðveist hefur. Kunnur skipasmiður smíðaði hann. Báturinn er í nokkuð sæmilegu ástandi.

⁷ Jón Allansson bls. 45

⁸ Jón Allansson bls. 45



Fortúna, 2017. Ljósmynd: Skógasafn

Fortúna

1. Safnnúmer: R-3066

2. Tegund: Árabátur, sexæringur

3. Hlutverk: Veiðibátur; fiskibátur

4. Eigandi: Skógasafn

5. Fyrri eigendur:

Gefendur bátsins, Sigurjón Sigurðsson Ytri-Skógum, Sigurður Björgvinsson Stóru-Borg, Sigurbergur Sigurgeirsson Hlíð, Jónas Hjörleifsson Rauðafelli.⁹

6. Varðveislustaður: Skógasafn

7. Smíðaár: 1914

8. Smiðir: Sigurður Ólafsson frá Bólstað¹⁰ í Vestmannaeyjum og Þorgeir Eiríksson í Stóru-Borg undir Eyjafjöllum.

9. Smíðastaður:

10. Brúttórúmllestir:

11. Lengd, breidd og dýpt í m: 7,94 x 2,13 x 0,69 ¹¹

⁹ Sarpur.is menningarsögulegur gagnagrunnur

¹⁰ Jón Allansson segir Sigurð vera frá Hrótafellskoti, sem er skammt fyrir austan Stóru-Borg. (Jón Allansson 1995)

¹¹ Andri Guðmundsson: Bátaskrá Skógasafns

12. Smíðaefni og samsetning skrokks: Viður; súðbyrtur

13. Skrokklag: Með færeysku lagi

14. Þilför:

15. Yfirbygging:

16. Lokuð rými:

17. Möstur og seglabúnaður: Líklega ein sigla; óljóst með hvernig segl voru notuð

18. Vél:

19. Siglingatæki og annar búnaður:

Bátnum fylgir farviður, þar með mastur og bóma, seilarnálar, skipsöxi o. fl., einnig tvær sjóbrækur úr gúmmíslöngum (?).¹²



Fortúna á Skógasafni, 2017. Ljós.: Skógasafn

20. Notkunarsaga:

Skipið var síðasta fiskiskip Austur-Eyfellinga.¹³ Haldið úti í 40 ár. Því var róið undan Austur-Eyjafjöllum, síðast árið 1960. Formaður á því öll hin síðari ár var Björgvin Ingvarsson í Klömbu.

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

22. Ástand báts: Sæmilegt (?)

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

24. Viðhald og viðgerðir:

25. Heimildir:

¹² Sarpur.is

¹³ Jón Allansson bls. 46

- Andri Guðmundsson: Bátaskrá Skógasafns, unnin upp úr munaskrá safnsins sem Þórður Tómasson er að mestu höfundur að. 19. okt. 2017. Skjalasafn Skógasafns.
- Ljósmyndir Skógasafns.
- Jón Allansson: Skýrsla. Bátar í eigu minjasafna á Íslandi og annarra en safna. Fjölrit, m.a. á Þjóðminjasafni, haust 1995.
- Sarpur.is

26. Varðveislustaða: Safngripur; aldursfriðaður

27. Almenn umsögn:

Síðasta útróðraskip Austur-Eyfellinga. Heillegur.



Stýrið á Fortúnu. Ljós. HMS 2017



Verskrína sem fannst á Mælifellssandi 1968. Talin vera frá því um miðja 19. öld. Ljós. HMS 2017



Pétursey, 2017. Ljós.: Skógasafn

Pétursey

1. Safnnúmer: S-73

2. Tegund: Árabátur; áttæringur, og seglskip

3. Hlutverk: Flutningabátur; fiskibátur; uppskipunarbátur

4. Eigandi: Skógasafn

5. Fyrri eigendur:

Allir fjórir bændur í Pétursey og séra Kjartan Jónsson Ytri-Skógum.¹⁴

6. Varðveislustaður: Skógasafn

7. Smíðaár: 1855

8. Smiður: Jón Ólafsson bóndi í Pétursey og Sæmundur Bjarnason bóndi í Vatnsskarðshólum

9. Smíðastaður: Pétursey í Mýrdal

10. Brúttórúmlestir:

11. Lengd, breidd og dýpt í m: 10,65 x 2,97 x 0,98¹⁵

12. Smíðaeefni og samsetning skrokks:

Smíðað úr innfluttri eik en bekkir eru úr rekavið. Súðbyrtur.

¹⁴ Lúðvík Kristjánsson bls. 257

¹⁵ Andri Guðmundsson: Bátaskrá Skógasafns



Afturstefni Péturseyjar. Ljós. HMS 2017

13. Skrokklag:

Skipið er með svonefndu brimsandalagi, ætlað til ýtingar og lendingar á sunnlensku söndunum.

14. Þilför:

15. Yfirbygging:

16. Lokuð rými:


17. Möstur og seglabúnaður:

Segl fylgdu Pétursey ætíð meðan henni var haldið til veiða.¹⁶ Hún er sýnd undir seglum á Skógasafni.



Pétursey á Víkursandi. Ljós.: Skógasafn.

¹⁶ Lúðvík Kristjánsson bls. 255



*Teikning af Pétursey í bókinni Íslenskir sjávarhættir. Teikning: BTG 1951*¹⁷

18. Vél:

19. Siglingatæki og annar búnaður:

20. Notkunarsaga:

Pétursey var mest notuð til fiskveiða á 19. öldinni, áttæringur, 17 manna far. Formaður lengst af var Guðmundur Ólafsson í Eyjarhólum, faðir Eyjólfsson bónda og fræðimanns á Hvoli sem skráð hefur sögu skipsins í bókinni *Pabbi og mamma*.

Bátnum var róið til fiskjar úr Maríuhliði við útfall Jökulsár á Sólheimasandi árin 1862-1909. Eftir það var hann notaður sem uppskipunarbátur og fiskibátur í Vík í Mýrdal til 1946. „Honum var róið í fisk á stórskipasjó, þ.e. ekki vatnsdauðan sjó. Einstakt happaskip.“¹⁸


Pétursey var meðal níu áttæringa í Vestur-Skaftafellssýslu árið 1905.¹⁹ Hún var einnig flutningaskip því að henni var einatt að vori siglt milli lands og Eyja. Jón Halldórsson kaupmaður í Suður-Vík og fjölskylda hans gáfu Skógasafni Pétursey 1952.²⁰

¹⁷ Lúðvík Kristjánsson bls. 256-7

¹⁸ Andri Guðmundsson: Bátaskrá Skógasafns

¹⁹ Lúðvík Kristjánsson bls. 254

²⁰ Andri Guðmundsson: Bátaskrá Skógasafns



Jón Ólafsson (1822-1909) bóndi og bátasmiður.



Guðmundur Ólafsson (1832-1915) formaður á Pétursey.



Bitafföl með dróttkveðinni vísu, endurgerð, á Pétursey. Ljósm. HMS 2017



Séð aftur eftir Pétursey. Ljós. HMS 2017

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Sjá Íslenska sjávarhætti II. Einnig *Pabbi og mamma*. Rvk. 1944

22. Ástand báts: Gott

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

Báturinn var smíðaður upp árið 1882 en í engu breytt sem máli skiptir.²¹

24. Viðhald og viðgerðir:

Oft endurbætt frá smíðaári en saga þess er óslitin.

Skipið var nokkuð endurbætt í Skógum og bitafjöl með dróttkveðinni vísu séra Gísla Thorarensen á Felli endurgerð.

Skipið var búið möstrum og seglum í nýju safnhúsi árið 1995.

25. Heimildir:

- Andri Guðmundsson: Bátaskrá Skógasafns, unnin upp úr munaskrá safnsins sem Þórður Tómasson er að mestu höfundur að. 19. okt. 2017. Skjalasafn Skógasafns.
- Ljósmyndir Skógasafns.
- Jón Allansson: Skýrsla. Bátar í eigu minjasafna á Íslandi og annarra en safna. Fjölrit, m.a. á Þjóðminjasafni, haust 1995.

²¹ Lúðvík Kristjánsson bls. 254


- Lúðvík Kristjánsson: Íslenskir sjávarhættir II, Rvk. 1982 bls. 253-259

Ath.: Eyjólfur Guðmundsson, bóndi og fræðimaður á Hvoli, sonur Guðmundar Ólafssonar formanns (1870-1954) skrifaði bókina *Pabbi og mamma þar sem báturinn kemur við sögu*. Rvk. 1944

26. Varðveislustaða: Safngripur. Aldursfriðaður.

27. Almenn umsögn:

Pétursey er meðal elstu skipa sem varðveist hafa hérlandis. Hún sýnir vel hið sérstaka og staðbundna brimsandalag. Saga skipsins er öll skráð. Pétursey er höfuðprýði Byggðasafnsins í Skógum, skv. Þórði Tómassyni.



Yfirlitsmynd af Pétursey í bókinni Íslenskir sjávarhættir. ²²



Skutur Péturseyjar. Ljós. HMS 2017

²² Lúðvík Kristjánsson bls. 258



Víkingur á sýningu Skógasafns, 2017. Ljósmynd: Skógasafn

Víkingur

1. Safnnúmer: S-2704
2. Tegund: Árabátur; sexæringur
3. Hlutverk: Fiskibátur
4. Eigandi: Skógasafn
5. Fyrri eigendur:
 - 1909: Halldór Jónsson kaupmaður í Suður-Vík
 - Jón Halldórsson í Suður-Vík
 - 1950: Sigurður Gunnarsson í Litla-Hvammi
 - Sigbór Sigurðsson o.fl. sem gáfu hann²³
6. Varðveislustaður: Skógasafn
7. Smíðaár: 1909
8. Smiður: Erlendur Björnsson í Vík
9. Smíðastaður: Vík (?)
10. Brúttórúmlestir:
11. Lengd, breidd og dýpt í m: 7,46 x 2,14 x 0,69 ²⁴

²³ Andri Guðmundsson: Bátaskrá Skógasafns

²⁴ Andri Guðmundsson: Bátaskrá Skógasafns

12. Smíðaefni og samsetning skrokks: Viður; súðbyrtur

13. Skrokklag: Með hinu forna brimsandalagi ²⁵

14. Þilför:

15. Yfirbygging:

16. Lokuð rými:

17. Möstur og seglabúnaður:

18. Vél:

19. Annar búnaður:

Þrír hlunnar. Níu seilar og fimm seilarnálar eru úr hvalbeini, gamalmerktar. Sex árar, ein þeirra brotin og hefur fengið viðgerð. Austurstrog, nýlegt fylgir.

20. Notkunarsaga:

Smíðað fyrir Halldór Jónsson kaupmann í Suður-Vík. Sigurður Gunnarsson í Litla-Hvammi keypti skipið af Jóni Halldórssyni í Suður-Vík 1950 og hélt því úti frá Dyrhólaey fram um 1960.

Afhent af Sigþóri Sigurðssyni í Litla-Hvammi og flutt að Skógum af honum, Aðalheiði dóttur hans og Andrésí Viðarssyni tengdasyni hans. ²⁶

Nánari lýsing

Báturinn er hvítmálaður nema hvað næst efsta umfarið er málað grænt. Þóftur (5) eru ómálaðar nema til enda. Stýri er málað hvítt og með grænni rönd. Stýrissveif ómáluð. Tvær vaðbeygjur, markaðar krossi. Járnkeipar. Rúmin í skipinu framan frá heita: Barki, andóf, fyrirrúm, miðrúm, austurrúm, skutrúm. Formannssæti aftast. Plitti í botni. Biti með bitahúsi. Á hann er negld vel skorin fjöl (skipsfjöl, bitafjöl) með nafni skipsins, VÍKINGUR. ²⁷

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

22. Ástand báts: Gott

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

24. Viðhald og viðgerðir:

25. Heimildir:

- Andri Guðmundsson: Bátaskrá Skógasafns, unnin upp úr munaskrá safnsins sem Þórður Tómasson er að mestu höfundur að. 19. okt. 2017. Skjalasafn Skógasafns.
- Ljósmýndir Skógasafns.
- sarpur.is menningarsögulegur gagnagrunnur

26. Varðveislustaða: Safngripur; aldursfriðaður

27. Almenn umsögn:

„Þetta er síðast tækifærið til að fá skip af þessari gerð inn á safn og gjöf Sigþórs og fjölskyldu hans er dýrgripur safnlega séð.“ Þórður Tómasson.²⁸

²⁵ Andri Guðmundsson: Bátaskrá Skógasafns

²⁶ Andri Guðmundsson: Bátaskrá Skógasafns

²⁷ Andri Guðmundsson: Bátaskrá Skógasafns

²⁸ Andri Guðmundsson: Bátaskrá Skógasafns



Víkingur, skutur. Ljós. HMS 2017



Veiðarfæri á Skógasafni. Ljós. HMS 2017



Farsæll á sýningu Skógasafns, 2017. Ljósmynd: Skógasafn

Farsæll - vorbátur

1. Safnnúmer: S-3170
2. Tegund: Árabátur; fjórróinn
3. Hlutverk: Veiðibátur
4. Eigandi: Skógasafn
5. Fyrri eigendur:
 - Alltaf í eigu sona skipasmiðsins
6. Varðveislustaður: Skógasafn
7. Smíðaár: 1960
8. Smiður: Sigurður B. Gunnarsson (1896-1973) bóndi og smiður í Litla-Hvammi
9. Smíðastaður:
10. Brúttórúmlestir:
11. Lengd, breidd og dýpt í m: 4,96 x 1,89 x 0,54 ²⁹
12. Smíðaefni og samsetning skrokk:

²⁹ Andri Guðmundsson: Bátaskrá Skógasafns

Báturinn er næstum allur úr eik í byrðing og að öllu leyti líkur smíði skaftfellskra skipa. Er hann síðasti súðbyrðingur sem smíðaður er í sýslunni.³⁰

13. Skrokklag: (brimsandalag?)

14. Pílför:

15. Yfirbygging:

16. Lokuð rými:

17. Möstur og seglabúnaður:

18. Vél:

19. Siglingatæki og annar búnaður:



Farsæll á sýningu Skógasafns, 2017. Ljósmynd: Skógasafn

20. Notkunarsaga:

Synir skipasmiðsins, Gunnar (1924-1992), og gefandinn (ath nafn) áttu hann alla tíð. Farsæll var notaður til fiskiróðra frá Dyrhólaey, einnig eggja- og fuglatöku úr Dyrhólaeyjardröngum.³¹

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

22. Ástand báts: Gott

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

24. Viðhald og viðgerðir:

25. Heimildir:

³⁰ Andri Guðmundsson: Bátaskrá Skógasafns

³¹ Andri Guðmundsson: Bátaskrá Skógasafns

- Andri Guðmundsson: Bátaskrá Skógasafns, unnin upp úr munaskrá safnsins sem Þórður Tómasson er að mestu höfundur að. 19. okt. 2017. Skjalasafn Skógasafns.
- Ljósmyndir Skógasafns.

26. Varðveislustaða: Safngripur

27. Almenn umsögn:

Hann er síðsti súðbyrðingurinn sem smíðaður er í sýslunni.



Farsæll, skutur. Ljós. HMS 2017



Lukkusæll á Skógasafni, 2017. Ljósmynd: Skógasafn

Lukkusæll

1. Safnnúmer: S-3171
2. Tegund: Árabátur, sexæringur; síðar vélbátur
3. Hlutverk: Veiðibátur
4. Eigandi: Skógasafn (frá 1976)
5. Fyrri eigendur:
 - Ásgeir Pálsson frá Framnesi í Mýrdal
6. Varðveislustaður: Skógasafn
7. Smíðaár: 1917 ³²
8. Smiður: Einar Einarsson frá Ytri-Sólheimum ³³

³² 1916 skv. Jóni Allanssyni bls. 46

³³ Guðmundur Einarsson skv. Jóni Allanssyni 46

9. Smíðastaður: Eyjarhólar ³⁴

10. Brúttórúmllestir:

11. Lengd, breidd og dýpt í m: 6,84 x 2,25 x 0,69

12. Smíðaefni og samsetning skrokk: Viður; súðbyrtur

13. Skrokklag:

Báturinn er nánast byggður með brimsandalagi, en skut hefur nokkuð verið breytt, er utanborðsmótor var settur á hann. ³⁵

14. Þilför:

15. Yfirbygging:

16. Lokuð rými: Kista er í skut

17. Möstur og seglabúnaður: ein sigla

18. Vél:

19. Siglingatæki og annar búnaður:



Lukkusæll, 2017. Ljós.: HMS

20. Notkunarsaga:

Lukkusæll var skip Ásgeirs Pálssonar frá Framnesi í Mýrdal. Báturinn reyndist vel að öllu leyti en gæta þurfti vel að því að stýra honum beint í land, það mátti aldrei víkja honum til hliðar, leggja á eins og vaninn var við önnur skip.³⁶

Skipinu var síðast róið úr Maríuhliði við Jökulsá á Sólheimasandi 16. apríl 1961. Hann komst í eigu Skógasafns árið 1976.

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

³⁴ Jón Allansson bls. 46

³⁵ Andri Guðmundsson: Bátaskrá Skógasafns

³⁶ Jón Allansson bls. 46

Útræði fram af Jökulsárósum, sem mikið var notað. Stundum var ófært af söndunum annars staðar.

24. Viðhald og viðgerðir:

- Andri Guðmundsson: Bátaskrá Skógasafns, unnin upp úr munaskrá safnsins sem Þórður Tómasson er að mestu höfundur að. 19. okt. 2017. Skjalasafn Skógasafns.
- Ljósmyndir Skógasafns.
- Jón Allansson: Skýrsla. Batar í eigu minjasafna á Íslandi og annarra en safna. Fjölrit, m.a. á Þjóðminjasafni, haust 1995.
- sarpur.is

27. Almenn umsögn:



Sjóklæði á sýningu Skógasafns, 2017. Ljósmynd. HMS



Ferjubátur frá Tungnaá á sýningu Skógasafns, 2017. Ljósmynd: HMS

Ferjubátur frá Tungnaá

1. Safnnúmer: R-6099
2. Tegund: Árabátur; tvíróinn
3. Hlutverk: Ferjubátur
4. Eigandi: Skógasafn
5. Fyrri eigendur:
 - Jórunn Eggertsdóttir í Lækjartúni (hún kom með ferjuna á safnið)³⁷
6. Varðveislustaður: Skógasafn
7. Smíðaár: 1930-1950 (?)
8. Smiður: Pálmar Jónsson (1899-1971) í Unhól í Þykkvabæ
9. Smíðastaður:
10. Brúttórúmlestir:
11. Lengd, breidd og dýpt í m: 4,05 x 1,52 x 0,48 ³⁸
12. Smíðaefni og samsetning skrokk: Viður; súðbyrðingur
13. Skrokklag: Líkist breiðfirsku lagi, tvístefna, bogin stefni og lögun byrðingsins
14. Þilför:

³⁷ Andri Guðmundsson: Bátaskrá Skógasafns

³⁸ Andri Guðmundsson: Bátaskrá Skógasafns

15. Yfirbygging:

16. Lokuð rými:

17. Möstur og seglabúnaður:

18. Vél:

19. Siglingatæki og annar búnaður:

Búnaður: Tvær þóftur og tvö ræði (keipar) ásamt tveimur árum.



Ferjubátur frá Tungnaá, 2017. Ljósmynd: Skógasafn

20. Notkunarsaga:

Hann var notaður til að ferja fólk og fé yfir Tungnaá

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Tungnaá

Hún er jökulá sem kemur úr vesturhluta Vatnajökuls og er stærsta þverá Þjórsár. Þó að áin hafi verið fjarri byggð þá áttu margir erindi yfir hana eins og fram kemur í fréttagreini um kláfferju sem sett var yfir hana árið 1964:

„Í dag verður tekin í notkun kláfferja á Tungnaá hjá Haldi. Kláfferja þessi er fyrst og fremst byggð fyrir tilstilli eftirtalinna aðila: Raforkumálastjóra, vegna vatnamælinga á hálendinu innan við Tungnaá, hreppsnefnda Ása- og Djúpárhreppa í Rangárvallasýslu, vegna fjárflutninga á afrétt Holtamanna í Búðarhálsi og Vegagerðar ríkisins, vegna þess að kláfferja þessi gerir ferðamönnum kleyft að komast á litlum bílum með drifi á öllum hjólum yfir Sprengisand. Hafa framangreindir aðilar allir lagt fram nokkurt fé til kláfferjunnar, en kostnaður við hana er áætlaður 1.5 millj. króna.“³⁹

³⁹ Þjv. 25.7. 1964

22. Ástand báts: Gott (?)

23. Upprunaleiki – breytingasaga:


24. Viðhald og viðgerðir: Báturinn þarfnast viðgerðar.

25. Heimildir:

- Andri Guðmundsson: Bátaskrá Skógasafns, unnin upp úr munaskrá safnsins sem Þórður Tómasson er að mestu höfundur að. 19. okt. 2017. Skjalasafn Skógasafns.
- Ljósmyndir Skógasafns.
- Þjóðviljinn 25.7. 1964

26. Varðveislustaða: Safngripur

27. Almenn umsögn:



Lög um ferjur frá árinu 1855. Texti á sýningu á Skógasafni.



Ferjubátur frá Króki eða Syðri-Fljótum á Skógasafni, 2017. Ljós.: Skógasafn

Ferjubátur

frá Króki í Meðallandi eða á Syðri-Fljótum

1. Safnnúmer: S-474
2. Tegund: Árabátur, gaflkæna, þriggja manna far
3. Hlutverk: Ferjubátur
4. Eigandi: Skógasafn
5. Fyrri eigendur:
6. Varðveislustaður: Skógasafn
7. Smíðaár: 1890 ⁴⁰
8. Smiður: Talið að það hafi verið Sigurður Sigurðsson á Syðri-Fljótum.⁴¹
9. Smíðastaður: Krókur í Meðallandi (líklega)
10. Brúttórúmlestir:
11. Lengd, breidd og dýpt í m: 2,94 x 1,38 x 0,41
12. Smíðaeefni og samsetning skrokk: Viður; súðbyrtur
13. Skrokklag: Framstefni mikið lotað, beint. Gafl að aftan.

⁴⁰ Árið kemur frá Jóni Allanssyni bls. 46; í bátaskrá Skógasafns stendur: „Var kominn að Skál 1894 að sögn Guðrúnar Jónsdóttur kennslukonu.“

⁴¹ Jón Allansson bls. 46

- 14. Þilför:
- 15. Yfirbygging:
- 16. Lokuð rými:
- 17. Möstur og seglabúnaður:
- 18. Vél:
- 19. Siglingatæki og annar búnaður:



Ferjubátur frá Króki eða Syðri-Fljótum, 2017. Ljósmynd: HMS

20. Notkunarsaga:

Báturinn er sagður frá bænum Skál á Síðu, sem stendur nálægt Skaftá en hún var oft erfið yfirferðar.

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Sigurður Sigurðsson á Syðri-Fljótum var helsti skipasmiður Meðallendinga á seinni hluta 19. aldar.⁴²

22. Ástand báts: Sæmilegt ?

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

24. Viðhald og viðgerðir:


⁴² Jón Allansson bls. 46

25. Heimildir:

- Andri Guðmundsson: Bátaskrá Skógasafns, unnin upp úr munaskrá safnsins sem Þórður Tómasson er að mestu höfundur að. 19. okt. 2017. Skjalasafn Skógasafns.
- Ljósmyndir Skógasafns.
- Jón Allansson: Skýrsla. Bátar í eigu minjasafna á Íslandi og annarra en safna. Fjölrit, m.a. á Þjóðminjasafni, haust 1995.

26. Varðveislustaða: Safngripur; aldursfriðaður**27. Almenn umsögn:**

19. aldar ferjubátur smíðaður af helsta skipasmið Meðallendinga á seinni hluta 19. aldar.



Járnbátur frá Kaldárholti á sýningu Skógasafns, 2017. Ljósm.: Skógasafn

Járnbátur frá Kaldárholti í Holtum

1. Safnnúmer: R-8278
2. Tegund: Árabátur, tvíróinn
3. Hlutverk: Rannsóknabátur; ferja
4. Eigandi: Skógasafn
5. Fyrri eigendur:
 - 1915-1917: Fossafélagið Titan
 - bændur í Kaldárholti
6. Varðveislustaður: Skógasafn
7. Smíðaár: 1915 (eða fyrr)
8. Smiður:
9. Smíðastaður:
10. Brúttórúmlestir:
11. Lengd, breidd og dýpt í m: 3,42 x 1,35 x 0,50 ⁴³
12. Smíðaeefni og samsetning skrokks: Járn og viður; járnplöturnar eru hnoðaðar saman.
13. Skrokklag:

Framstefni er mikið lotað, lítillega bogið. Breiður gafl að aftan. Svipaður ferjubáti frá Króki. Gaflkæna.
14. Þilför:

⁴³ Andri Guðmundsson: Bátaskrá Skógasafns

15. Yfirbygging:

16. Lokuð rými:

17. Möstur og seglabúnaður:

18. Vél:

19. Siglingatæki og annar búnaður:



Járnbátur frá Kaldárholti, 2017. Ljósmynd: Skógasafn

20. Notkunarsaga:

Norskur verkfræðingur, Gottfred Sætersmoen, tók að sér að rannsaka Þjórsá fyrir Fossafélagið Títan og vann að því á árunum 1915-1917. Til verksins var blikkbáturinn keyptur. Er rannsóknunum Sætersmoen lauk eignuðust bændur í Kaldárholti við Þjórsá bátinn, Ingimundur Benediktsson til ársins 1930 (ath.), Einar Jónsson 1930-1947 og Helgi Jónsson til 1965. Báturinn þjónaði sem heimilisferja í flutningum yfir Þjórsá til 1946.⁴⁴

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátinum:

Fossafélagið Títan

Báturinn er nú nær eini gripurinn sem minnir á Fossafélagið Títan, stofnað árið 1914 að frumkvæði skáldsins Einars Benediktssonar og fleiri aðila til að virkja Þjórsá og fleiri fallvötn.

22. Ástand báts: Gott

23. Upprunaleiki – breytingasaga: Allt tréverk virðist vera nýtt.

24. Viðhald og viðgerðir:

Báturinn barst að Skógum í árslok 2009 en í ársbyrjun 2014 hóf Viðar Bjarnason húsvörður Skógasafns að koma þessu forna, sögulega fleyi til vegs og virðingar. Öll timbursmíði hefur verið endurgerð og er í fullu samræmi við uppruna.⁴⁵

25. Heimildir:

- Andri Guðmundsson: Bátaskrá Skógasafns, unnin upp úr munaskrá safnsins sem Þórður Tómasson er að mestu höfundur að. 19. okt. 2017. Skjalasafn Skógasafns.
- Ljósmyndir Skógasafns.
- sarpur.is

⁴⁴ Andri Guðmundsson: Bátaskrá Skógasafns

⁴⁵ Andri Guðmundsson: Bátaskrá Skógasafns

26. Varðveislustaða: Safngripur. Aldursfriðaður.

27. Almenn umsögn:

Fossafélagið Títan var merkilegt fyrirtæki þótt það væri umdeilt. Vel er þess virði að varðveita þennan bát til minningar um það.



Járnbátur frá Kaldárholti, 2017. Ljósmynd: HMS



Járnbátur frá Kaldárholti, 2017. Ljósmynd: HMS



Kappróðrabáturinn Ormurinn langi, 2017. Ljósmynd: HMS


Ormurinn langi

1. Safnnúmer: R-8279
2. Tegund: Árabátur
3. Hlutverk: Kappróðrabátur
4. Eigandi: Skógasafn
5. Fyrri eigendur:
 - Menntaskólinn á Laugavatni
6. Varðveislustaður: Skógasafn
7. Smíðaár: 1928 (eða fyrr)
8. Smiður:
9. Smíðastaður: Báturinn er líklega frá Bretlandi.
10. Brúttórúmlestir:
11. Lengd og breidd í m: u.þ.b. 19,0 x 0,80 m.
12. Smíðaeefni: Viður og strigi
13. Skrokklag:
14. Þilför:
15. Yfirbygging:
16. Lokuð rými:

17. Möstur og seglabúnaður:

18. Vél:

19. Siglingatæki og annar búnaður:



Kappróðrabáturinn Ormurinn langi, 2017. Ljósmynd: Skógasafn

20. Notkunarsaga:

Kappróðursbáturinn var gefinn Menntaskólanum á Laugarvatni árið 1928 af Eldeyjar-Hjalta, Hjalta Jónssyni (1869-1949) skipstjóra og framkvæmdastjóra. Gerðar voru tilraunir til að sigla honum en bátnum hvolfði ávallt. Engan kjöl er að finna á honum og þarf ótrúlega samþæfingu til að sigla honum. Sætin eru á sleðum og renna aftur á bak við róður.

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

22. Ástand báts: Gott ?

23. Upprunaleiki – breytingasaga: Óbreyttur

24. Viðhald og viðgerðir:


25. Heimildir:

- Andri Guðmundsson: Bátaskrá Skógasafns, unnin upp úr munaskrá safnsins sem Þórður Tómasson er að mestu höfundur að. 19. okt. 2017. Skjalasafn Skógasafns.
- Ljósmyndir Skógasafns.
- sarpur.is
-

26. Varðveislustaða: Safngripur, aldursfriðaður

27. Almenn umsögn:

Hefur sjálfsagt lítið gildi fyrir sögu bátasmíðinnar, siglingasöguna eða annað.



Hraðbáturinn Hrugnir, 2017. Ljósmynd: Skógasafn

Hrugnir

1. **Safnnúmer:** R- 8280
2. **Tegund:** Vélbátur
3. **Hlutverk:** Fólksflutningabátur; veiðibátur
4. **Eigandi:** Skógasafn
5. **Fyrri eigendur:**
 - Hafliði Árnason frá Flatey (?)
 - Bjarni Sigurjónsson, bróðursonur Hafliða, en hann gaf Skógasafni bátinn.
6. **Varðveislustaður:** Skógasafn
7. **Smíðaár:** 1974
8. **Smíður:**

Hafliði Árnason frá Flatey. Hann smíðaði bátinn eftir teikningu Aðalsteins Aðalsteinssonar í Hvallátrum sem greinilega hefur haft erlenda hraðbáta sem fyrirmyndir.⁴⁶
9. **Smíðastaður:** Hvallátur á Breiðafirði
10. **Brúttórúmlestir:**
11. **Lengd, breidd og dýpt í m:** 4,26 x 1,72 x 0,54.
12. **Smíðaefni:** Krossviður með brúnni filmu; filman var möttuð og síðan máluð.

⁴⁶ Andri Guðmundsson: Bátaskrá Skógasafns

13. Skrokklag: Að fyrirmynd erlendra hraðbáta

14. Þilför:

15. Yfirbygging: Bakki

16. Lokuð rými:

17. Möstur og seglabúnaður:

18. Vél: Utanborðsmótor (vantar)

19. Siglingatæki og annar búnaður:

20. Notkunarsaga:

Þetta er fyrsti hraðbáturinn á norðanverðum Breiðafirði. Hann fór á 20 mínútum frá Flatey upp á Barðaströnd. Var m.a. notaður við selveiðar. Vélin í honum hrundi.⁴⁷

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

22. Ástand báts: Sæmilegt?

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

24. Viðhald og viðgerðir:

25. Heimildir:

- Andri Guðmundsson: Bátaskrá Skógasafns, unnin upp úr munaskrá safnsins sem Þórður Tómasson er að mestu höfundur að. 19. okt. 2017. Skjalasafn Skógasafns.
- Ljósmyndir Skógasafns.

26. Varðveislustaða: safngripur

27. Almenn umsögn:

Báturinn hefur fremur lítið varðveislugildi.



Séð ofan í Hrugni, 2017. Ljós. HMS

⁴⁷ Andri Guðmundsson: Bátaskrá Skógasafns



Björgunarbátur úr Polarquest, 2017. Ljósmynd: Skógasafn

Björgunarbátur úr Polarquest

1. Safnnúmer: R-8284
2. Tegund: Árabátur; síðar trilla
3. Hlutverk: Björgunarbátur; veiðibátur
4. Eigandi: Skógasafn
5. Fyrri eigendur:
 - 1949: Eigendur skipsins Polarquest sem strandaði hér við land árið 1957
 - 1957: Íslenskir aðilar (nafna ekki getið)⁴⁸
6. Varðveislustaður: Skógasafn
7. Smíðaár: 1949
8. Smíður:
9. Smíðastaður: Søvik, Noregi (?) (skipið, Polarquest, var smíðað þar)
10. Brúttórúmlestir:
11. Lengd, breidd og dýpt í m:
12. Smíðaeefni og samsetning skrokk: Viður; súðbyrtur

13. Skrokklag:

Algengt bátslag björgunarbáta fram yfir miðja 20. öld, þ.e. stuttur og djúpur.

⁴⁸ Andri Guðmundsson: Bátaskrá Skógasafns

14. Þilför:

15. Yfirbygging:

16. Lokuð rými:

17. Möstur og seglabúnaður:

18. Vél:

19. Siglingatæki og annar búnaður:

20. Notkunarsaga:

Björgunarbátur úr norska selveiðiskipinu Polarquest sem smíðað var í Søvik árið 1949. Skipið var á leið til Nýfundnaland frá Tromsø í Noregi árið 1957 þegar það strandaði á Fljótafjöru þann 23. febrúar sama ár. Skipsverjar voru 25 og björguðust allir.

Báturinn var síðar notaður í trilluveiðar í Faxaflóa.⁴⁹

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Strand norska selveiðiskipsins Polarquest á Fljótafjöru 1957.

22. Ástand báts: Sæmilegt (?)

23. Upprunaleiki – breytingasaga: Borðhækkaður eftir 1957.

24. Viðhald og viðgerðir:

25. Heimildir:

- Andri Guðmundsson: Bátaskrá Skógasafns, unnin upp úr munaskrá safnsins sem Þórður Tómasson er að mestu höfundur að. 19. okt. 2017. Skjalasafn Skógasafns.
- Ljósmyndir Skógasafns.
- sarpur.is
- Isflaket (tímarit), Organ for Ishavsmuseums Venner, nr. 3 / 2007

26. Varðveislustaða: Safngripur; aldursfriðaður

27. Almenn umsögn:

Athyglisvert er að björgunarbátur var notaður síðar sem trilla. Hefur sennilega ekki mikið varðveislusgildi að öðru leyti.

⁴⁹ Andri Guðmundsson: Bátaskrá Skógasafns



Gúmmíbjörgunarbátur frá Grindavík, 2017. Ljósmynd: Skógasafn

Gúmmíbjörgunarbátur, franskur

1. Safnnúmer:
2. Tegund: Gúmmíbátur
3. Hlutverk: Björgunarbátur; 10 manna bátur, burðargeta 1088,62 kg
4. Eigandi: Skógasafn⁵⁰
5. Fyrri eigandi: Björgunarsveitin Þorbjörn, Grindavík
6. Varðveislustaður: Skógasafn
7. Smíðaár: Líklega árið 1974.
8. Smiður:
9. Smíðastaður: Frakkland
10. Brúttórúmlestir:
11. Lengd, breidd og dýpt í m: 4,82 x 1,89 x 0,40⁵¹
12. Efni: Gúmmí
13. Skrokklag:
14. Þilför:
15. Yfirbygging:
16. Lokuð rými:
17. Möstur og seglabúnaður:
18. Vél: Mestu hestöfl = 65 (væntanlega með utanborðsmótor)
19. Siglingatæki og annar búnaður:

⁵⁰ Báturinn er á sýningu Slysavarnafélagsins Landsbjargar og etv. í eigu þess

⁵¹ Andri Guðmundsson: Bátaskrá Skógasafns

20. Notkunarsaga:

Notandi var Björgunarsveitin Þorbjörn, Grindavík.⁵²

Báturinn er af tegundinni Zodiac 61, Quai CARNOT 92210. S'CLOUD. Módel númer 3269. Eigin þyngd: 95,25 kg eða 210 pund.

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

22. Ástand báts: Gott

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

24. Viðhald og viðgerðir:

25. Heimildir:

- Andri Guðmundsson: Bátaskrá Skógasafns. 19. okt. 2017. Skjalasafn Skógasafns.
- Ljósmyndir Skógasafns.
-

26. Varðveislustaða: Safngripur, líklega óskráður

27. Almenn umsögn:



⁵² Andri Guðmundsson: Bátaskrá Skógasafns



Þýskur björgunarbátur, 2017. Ljósmynd: Skógasafn

Gúmmíbjörgunarbátur þýskur

Aldur: 1959

Notandi: Björgunarsveitin Þorbjörn, Grindavík